



# Verkfærakista leiðbeinandans: Bestu venjur á Félagsvísindasviði eða: „...þetta fæðist ekki fullkomið“

Silja Bára Ómarsdóttir, lektor  
Eva Marín Hlynsdóttir, dósent  
Stjórn málafræðideild



# Bakgrunnur

- Verkefni styrkt af kennslumálasjóði 2017
- Safna gögnum um bestu venjur reyndra leiðbeinenda á FVS
- Hvati:
  - Draga úr brottfalli – margir nemendur eiga „bara ritgerðina“ eftir
  - Létta undir með leiðbeinendum, einkum þeim sem eru að hefja störf
- Gagnabanki, handbók – e.t.v. fræðigrein



# Aðferð

- Aðstoðarkona ráðin í verkefnið sl. vetur
- Vann með okkur og kennslunefnd FVS
- Safnaði ábendingum um reynda kennara
  - Tók 10 viðtöl við kennara úr öllum deildum FVS
  - Um hálf tíma löng að meðaltali, 5 tímar í heild
  - Gögn fyrir gagnabanka
- Aðstoðarkona afritaði viðtöl, EMH/SBÓ greindu



# Helstu áherslur

- Móttaka nema og hugmyndavinna
- Aðhald í ferlinu
- Skil og mat
- Ritstíflur
- Eftirlegukindur



# Móttaka nema og hugmyndavinna

- Mismunandi hvort nemum er úthlutað leiðbeinanda eða þurfa að finna sjálfir
- Sums staðar vinnustofur í upphafi misseris
- Algengt að leiðbeinendur hitti nemendur og leiti að því sem kveikir í þeim
- Reyna að draga úr streitu – brjóta niður verkefnið og gera þeim grein fyrir að þau þurfi ekki að kljúfa atómið ein og óstudd
- Einhvers konar rannsóknaráætlun oftast lögð fram eða rædd



# Að finna ástríðu og efni

- „...maður er að hjálpa þeim að leita að því sem þau hafa áhuga á – og ef þau hafa áhuga á einhverju sérstöku þá hjálpar maður þeim að móta þá hugmynd“
- „...ég spyr þau oft hvað það er sem þau vilja fara að gera, hvað er draumastarfið, kannski finnur maður eitthvað sem getur tengst því“
- „...ég spyr nánar út í það sem þau koma með, læt þau halda áfram að rekja þetta. Hvar halda þau að þau finni gögn til að svara þessari spurningu“
- „...þó það sé búið að skrifa margar ritgerðir um kvíða barna ... þá er alltaf hægt að skrifa því það tekur enginn eins á efninu“



# Aðhald í ferlinu

- Samningar
  - Formlegir samningar um vinnuáætlun og efni
- Fastir tímar fyrir fundi
  - Annað hvort fastur tími fyrir fundi ákveðinn eða þess gætt að festa tíma fyrir næsta fund
- Ákveðinn fjöldi funda
  - A.m.k. ein deild setur fimm funda lágmark – aðrar óformlegri
- Brjóta efnið niður
  - Afmarka ekki bara efnið heldur verkefni
- Fundargerðir
  - T.d. eftir fyrsta fund, kennari heldur fundargerð eða þjálfar nemendur í að halda fundarbók fyrir námið
- Félagsleg tengsl mikilvæg
  - T.d. Facebook hópar nemenda, jafnvel kennari við deild sem hefur það hlutverk að fylgjast með honum



# Taugin sem má ekki slitna

- „...ég tek þetta bara eins og einkaþjálfari í líkamsrækt, að búa til prógramm, tímalínu og aldrei sleppa nemandanum frá mér nema það sé búið að ákveða næsta fund“
- „...ég læt þau aldrei fara án þess að vita hvenær við ætlum að tala saman næst, ekki láta þráðinn slitna. Þess vegna eru fundir á tveggja vikna fresti, þá þurfa þau að hafa samband til að fresta“
- „...ég kalla það skriftartíma – þau þurfa að koma og viðurkenna að hafa ekki gert neitt og vera með sektarkennd“





# Skil og lok

- Þarf lengri tíma en eitt misseri?
- Tíu dagar fyrir skilafrest – eða mánuður?
- Heimildavinna
- Yfirlestur



# Ritstíflur

- Láta nemendur mæta og sitja hjá sér í smástund
- Setja fyrir að skrifa í smástund
- Leita í efnið eða aðra fyrirstöðu
- Mögulega kvíði og veikindi



# Brellur til að brjóta ritstíflur

- „... það var einn nemandi sem var alltaf að fresta svo ég tók upp á því að hún kom hér á hveregi, fjóra daga í viku, settist niður í klukkutíma og skrifaði. Í sama mánuði var ritgerðin eiginlega komin“
- „...oft gott bara að hvíla sig og aðeins fara frá verkefninu í einhvern tíma. ... einn nemandi sendi bara ákall. Sagði henni að koma og tala aðeins um þetta. Ég spurði hvaða sögu hún væri að segja og hún byrjaði að tala. Eftir tíu mínútur sagði ég „þetta er það sem þú ert að fara að skrifa um“
- „... á hópfundum skilar sumir algjöru drafti með fullt af kommentum“ [og þá geta þau] slakað á sem vilja ekki skila af sér fyrr en þetta er orðið fullkomið. Ég ber það alveg úr þeim strax. Þetta fæðist ekki fullkomið!“



# Eftirlegukindur

- Listi sem deild hringir út
- Leiðbeinandi sendir reglulega tölvupósta
- Vinnustofur fyrir þau sem eiga „bara ritgerðina“ eftir



# Leiðir til að fá óvirka nemendur aftur

- „...ég hitti einn á Þorláksmessu og sagði ‚þú skuldar mér alltaf ritgerð‘. Hann fór og tók sér tak og skilaði og er með meistaragráðu í dag“
- „...ég er með lista yfir nemendur sem hafa ekki skilað og sendi póst á hverju misseri og spyr hvort þetta sé misserið sem þau ætla að nota til að klára lokaritgerðina sína. Það hafa nokkur skilað sér þannig“



# Samantekt

- Töluverður samhljómur um ákveðin atriði
  - Nauðsyn þess að finna efni sem nemandi brennur fyrir
  - Að viðhalda tengslum við leiðbeinanda eða samnemendur
  - Gæta þess að halda samskiptum opnum
- Mis formlegt ferli milli deilda
  - Flestir viðmælendur þó sammála um að fundargerðir og fastir fundartímar hjálpi
  - Brjóta niður verkefni og gera aðgengileg
- ???



# Takk fyrir